

Reykjavík, 21.02.2005

Alþingis
B.t. Samgöngunefndar
150 Reykjavík

Varðar slysaskráningu Umferðarstofu

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. febrúar sl., þar em þér óskið eftir svörum við nokkrum spurningum varðandi slysaskráningu sem framkvæmd er hjá Umferðarstofu.

Svör við spurningum yðar eru svohljóðandi:

1. Umferðarstofa annast skráningu slysa út frá lögregluskýrslum en engar rannsóknir á orsökum og/eða afleiðingum umferðarslysa eru framkvæmdar af hálfu stofnunarinnar.
2. Umferðarstofa skráir öll slys þar sem lögreglan kemur við sögu og gerir skýrslu um. Umferðarstofa fær rafrænt gögn úr gagnagrunni lögreglukerfis, bæði ýmis svið (kóðaðar upplýsingar) sem og texta úr skýrslunni sjálfri (ókóðaðar upplýsingar). Út frá þessum upplýsingum skráir Umferðarstofa svo slysin í eigin gagnagrunn.
3. Rannsókn á slysum fer ekki fram með formlegum hætti hjá Umferðarstofu en Umferðarstofa lætur í té slysaupplýsingar til ýmissa aðila sem rannsaka afmarkaða þætti umferðarinnar (RANNUM verkefni, Vegagerðin, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög)
4. Upplýsingar eru skráðar um slysin, ökutækin, ökumennina sem og aðra aðila sem koma að slysinu (farþega, gangandi o.fl.) Upplýsingarnar sem skráðar eru eru eftirfarandi:

Slys:

- Lögregluumdæmi
- Dagsetning og tími
- Tegund óhapps/slyss (metið út frá skýrslu, t.d. "ekið aftan á kyrrstæða bifreið")
- Orsök (metið út frá skýrslu, t.d. "ekið yfir á rauðu ljósi" eða "ölvun við akstur")
- Orsakavaldur (metið út frá skýrslu; hvaða ökutæki olli slysinu. Ath. þetta er mat Umferðarstofu og á engan hátt nothæft til annars en sem viðmiðun)
- Vegnúmer bæjarfélags (þar sem við á)
- Vegnúmer vegagerðar (þar sem við á)
- Umferðarforgangur (þar sem við á, t.d. "hægri réttur" eða "stöðvunarskylda")
- Staða umferðarljósa (þar sem við á)
- Birtuskilyrði



UMFERÐARSTOFA

- Lýsing
- Veðurskilyrði
- Yfirborð vegar
- Færð
- Aðrar aðstæður (þar sem við á)
- Dreifbýli eða Þéttbýli
- Slys við brú (J/N)
- Slys við gatnamót (J/N)
- Slys í/við jarðgöng (J/N)
- Slys á bílastæði (J/N)
- GPS-Hnit
- Landshnit

Ökutæki / Ökumaður:

- Bílnúmer, fastanúmer og skráningarnúmer
- Árgerð ökutækis
- Litur ökutækis
- Tegund, undirtegund, notkunarflokkur og ökutækisflokkur ökutækis
- Skoðunarupplýsingar ökutækis, þyngdir þess og dekkjastærð
- Tryggingafélag ökutækis
- Hjólbarðar ökutækis og ástand þeirra
- Hámarkshraði
- Raunhraði (skv. skýrslu sem er yfirleitt skv. ökumanni)
- Tjónaupplýsingar ökutækis í slysinu (ákoma og stig tjóns)
- Akstursstefna
- Staðsetning ökutækis í orðum
- Eigandi eða lán
- Kennitala ökumanns (ath. dulkóðað í gagnagrunni og er aldrei notað nema við skráningu)
- Kyn ökumanns
- Aldur ökumanns (reiknað út frá kennitölu - er það svið sem notað er öllu jöfnu í stað kennitölusviðsins)
- Þjóðerni ökumanns
- Upplýsingar um ökuskírteini ökumanns
- Upplýsingar um ölvun og lyfjanotkun ökumanns

Aðilar:

- Kennitala aðila (ath. dulkóðað í gagnagrunni og er aldrei notað nema við skráningu)
- Kyn aðila
- Aldur aðila (reiknað út frá kennitölu - er það svið sem notað er öllu jöfnu í stað kennitölusviðsins)
- Þjóðerni aðila
- Staðsetning aðila (t.d. "ökumaður" eða "farþegi aftursætis hægra megin")



UMFERÐARSTOFA

- Öryggisbúnaður aðila (t.d. "bílbelti" eða "barnabílstóll")
- Stig meiðsla aðila (t.d. "Engin meiðsli", "Minniháttar meiðsli", "Alvarleg meiðsli" eða "Látinn")
- Tegund meiðsla (t.d. "Brjóst" eða "Höfuð")
- Fluttur á sjúkrastofnun (J/N)

5. Kennitala þeirra sem lenda í umferðarslysi er fengin úr gagnagrunni lögreglunnar. Hún er notuð við skráningu slysanna til þess að greina á milli aðila í textanum í skýrslunni og til aldursgreiningar, en að öðru leyti er hún hvergi notuð. Allar kennitölur eru dulkóðaðar í gagnagrunninum og er hvergi afkóðaðar nema í skráningarforriti Umferðarstofu. Kennitala er aldrei keyrð út úr gagnagrunni.

6. Hlutverk Umferðarstofu er tilgreint í umferðarlögum nr. 50/1987 með síðari breytingum. Í 8. gr. laga nr. 83/2002 liður h. er hlutverk Umferðarstofu að annast skráningu umferðarslysa og rannsóknir á orsökum umferðarslysa

Virðingarfyllst,

Birgir Hákonarson
Framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs